

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 74/2002

frá 25. júní 2002

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 149/2001 frá 11. desember 2001 ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/298/EB frá 30. mars 2001 um breytingu á viðaukum við tilskipanir ráðsins 64/432/EBE, 90/426/EBE, 91/68/EBE og 92/65/EBE og við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/273/EB að því er varðar vernd dýra við flutning ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/10/EB frá 22. maí 2001 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/68/EBE að því er varðar riðuveiki ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Ákvörðun þessi á hvorki við um Ísland né Liechtenstein.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á I. kafla I. viðauka við samninginn:

1. Í hluta 4.1 bætist eftirfarandi undirliður við í 1. lið (tilskipun ráðsins 64/432/EBE), 2. lið (tilskipun ráðsins 91/68/EBE), 3. lið (tilskipun ráðsins 90/426/EBE) og 9. lið (tilskipun ráðsins 92/65/EBE):

„- **32001 D 0298:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/298/EB frá 30. mars 2001 (Stjtið. EB L 102, 12.4.2001, bls. 63).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 65, 7.3.2002, bls. 20 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 13, 7.3.2002, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 102, 12.4.2001, bls. 63.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 147, 31.5.2001, bls. 41.

2. Í hluta 4.1 bætist eftirfarandi undirliður við í 2. lið (tilskipun ráðsins 91/68/EBE):
- „- **32001 L 0010:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins frá 22. maí 2001 (Stjtið. EB L 147, 31.5.2001, bls. 41).“
3. Í hluta 4.2. bætist eftirfarandi við í 20. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/273/EB):
- „, eins og henni var breytt með:
- **32001 D 0298:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/298/EB frá 30. mars 2001 (Stjtið. EB L 102, 12.4.2001, bls. 63).“

2. gr.

Texti ákvörðunar 2001/298/EB og tilskipunar 2001/10/EB á norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 26. júní 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 25. júní 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

P. Westerlund

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

